

Unnið að meiri háttar listsýningu á Blönduósi

Um þessar mundir er verið að vinna að undirbúningi listsýningar og listkyningar, sem fram á að fara í félagshéimilinu á Blönduósi í næsta mánuði á vegum Sambands austur-húnavetskra kvenna. Af þess hálfu hefur Eyborg Guðmundsdóttir, listmálara, verið falið val listmanna og skipulagning og uppsetning verka á sýningunni. Verður sýning þessi styrkt af menntamálaráði og kemur að öllum líkindum inn á dagskrá þess „List um landið“, að því er Eyborg tjáði Morgunblaðinu, er það leitaði frekari upplýsinga hjá henni um þetta mál.

Eyborg sagði, að fjárhagslega stæðu að sýningunni, að öðru leyti, sambandið sjálft og ýmsir aðrir aðilar heima í héraði og væri henni ætlað að gefa nokkuð ljósa mynd af list á Íslandi undanfarna áratugi og allt fram á þennan dag. Hugsanlegt taldi hún, að síðan yrði farið með sýninguna í Skagafjörð og Þingeyjarsýslu.

Samband austur-húnavetskra kvenna var stofnað árið 1928 og var fyrsti formaður þess Guðrúnur Lyngdal á Holtastöðum. Sambandið hefur unnið margvísleg störf í þágu menningar og framfara í héraðinu, m.a. haldið námskeið í sauma- og þrjóna skap, safnað til héraðshælisins á Blönduósi, skipulagt heimilishjálp, séð um skólagarða fyrir unglínga og gengið fyrir stofnun krabbameinsfélags í Austur-Húnavatnsýslu í samráði við héraðslækni. Ennfremur hefur sambandið stuðlað að stofnun tónlistarfélagssvæðinu og á þess vegum er nú að rísa heimilisiðnaðarsafn.

Eyborg sagði, að á sýningunni yrðu listaverk eftir um það bil þrjátíu listamenn, meðal annarra Ásgrím Jónsson, Gunnlaug Scheving, Vilhjálm Bergsson, Ásmund Sveinsson, Jón Gunnar Árnason, Þorvald Skúlason, Jóhannes Geir og Ólöfu Pálsdóttur svo einhverjir væru nefndir — og þar mundi kenna margra grasa, því að þarna yrðu málverk, höggmyndir, listvefnaður, húsagerðarlíst og svartlíst. Hún kvaðst vilja taka fram, að hún veldi einungis listamennina sem sýndu, en ekki verkín, þeir væru sjálf-ráðir, hvað þeir sendu á sýninguna. Þá sagði Eyborg, að fram mundi koma blásara kvintett, þar sem þeir leika saman Kristján Þ. Stephensen, Stefán Þ. Stephensen, Gunnar Egilsson, Hanz P. Franzson og Jón H. Sigur-



Eyborg Guðmundsdóttir.



Ein af pastelmyndum Jóhannesar Geirs, sem verður meðal þátttakenda í listsýningunni á Blönduósi.

björnsson. Ennfremur mundu heimamenn leggja til ýmis atriði, m.a. kæmu fram kórar, bæði karlakór og blandaður kór.

Blm. Morgunblaðsins spurði Eyborgu hvort félagshéimilið á Blönduósi væri vel til þess fallið að halda þar stóra listsýningu.

— Húsið er stórt og myndarlegt, svaraði hún — og gefur ýmsa möguleika, en þó hefur þar verið fyrir uppsetningu ljósabúnaðar, að gera þar ráð fyrir myndlistarsýningu. Ég verð því að fara með ljóskastara norður. Nú á dögum þarf að hugsa fyrir svo möngu, þegar svo stór og vönduð hús eru byggð úti á landi. Notkun þeirra þarf að geta verið mjög alhlíða. En við erum bjartsýn á að þetta takist vel.

— Hvernig ert þú inn í þetta komín Eyborg, ekki ert þú Húnavetningur?

— Nei, ég er það nú ekki

— en samtökín leituðu á sínum tíma eftir fyrirgreiðslu um þetta áhugamál sitt til Steinunnar Finnbogadóttur, sem er mjög virk í kvennasamtökum og hefur staðið á bak við framkvæmdina — og benti hún m.a. á mig sem hugsanlegan ráðgjafa. Ég hef haft mjög gaman af að starfa með því dugmikla og áhugasama fólki, sem að þessu stendur. Ég er því bjartsýn á að þetta takist vel og byggji þá bjart sýni ekki sízt á forystukonum sambandsins og heimafólki öðru. Formaður sambandsins, Elizabet Sigurgeirs dóttir er ein af þeim manneskjum, sem lætur sér ekkert óviðkomandi og kemur hlutunum í framkvæmd. Nú er bara, að veðurguðirnir verði okkur hlíðhollir svo að færð haldist það góð, að fólkið geti komið og notið þessarar sýningar.

— Að lokum Eyborg, þú munt sjálf hafa haft ýmsu öðru en myndlist að sinna að undanförunu, hefur þú nokkuð í huga að hætta að mála og snúa þér að listaverkkyningu?

— Ekki er nú það, þó ég telji það gagnlegt og engu ómerkara að dreifa annarra manna list um landið en að fást sjálf við myndlist. Ég vinn nú með það fyrir augum að halda sýningu næsta haust og ætla að taka þátt í sam-sýningu íslenskra málara og myndhöggvara, sem fyrirhuguð er í Kaupmannahöfn í vor. En það er rétt, — ég hef haft mörgu öðru að sinna síðustu árin; það tekur talsvert lengri tíma að undirbúa sýningar, þegar einnig þarf að hugsa um útvinnu, heimili og barn. Ég hef því haft mikið í frammi undanfarnin ár en er nú að komast á skrið aftur, full bjartsýni á framtíðina.



Útboð

Tilboð óskast í að reisa og fullgera 24 manna vistheimili að Vífilsstöðum.

Húsið er tvær hæðir, grunnflötur um 460 fm.

Útboðsgögn verða afhent í skrifstofu vorri, Borgartúni 7, Reykjavík, gegn 10.000,00 kr. skilnatryggingu.

Tilboð verða opnuð á sama stað, þriðjudaginn 7. marz 1973, kl. 11:00 f.h.

INNKAUPASTOFNUN RÍKISINS


BORGARTÚNI 7, SÍMI 26344

ÓKEYPIS: 24 síðna litprentuð bók sem sýnir yður hvernig hægt er að gera fallegt teppi í tólmstundum



Sendið strax eftir ókeypiss eintaki af Readicut teppabókinni. Í bókinni eru 52 skýringamyndir í litum af teppum, sem þér getið búið til. Þeirra á meðal eru nýttizkuleg Skandinavísk mynstur hönnuð fyrir Readicut af færustu, yngri hönnuðum Svíþjóðar.

Þér fáið einnig leiðarvísi um líti, sem sýnir 52 falleg litbrigði Readicut ullarinnar, svo að þér getið valið líti með hlíðsjón af litum heimilis yðar. Allt yður að kostnaðarlausu. Skrifnið strax. Upplagið er takmarkað.



Það er skemmtilegt að búa til Readicut teppi. Þó lítill tími sé aflögu, jafnvel þó þér hafið aldrei búið til teppi áður, verðið þér undrandi hve fljótleið teppagerðin er, og hvað hún vekur mikla aðdáun.

Allir hafa áhægu af Readicut teppagerð.

Hjón gera teppi saman, einstaklingar sem fönður eða fyrir framtíðarheimilið, eftirlaunafólk sér til afþreyingar, jafnvel unglingar. Readicut pakkinn veitir öllum gagn og gaman.

Það er mjög auðvelt að velja eftir hinni ókeypiss Readicut bók. Hvert teppi er fullkomlega sýnt

í litum, og litavísirinn sýnir 52 litbrigði Readicut ullarinnar — sjö þeirra eru nú sýnd í fyrsta skipti — til hæfis litum heimilisins. Pakkarnir eru í margvíslegum stærðum og fimm gerðum. Verð allra mynstra fara eftir stærðum pakkanna. (Eini teppi eru ódýrust). Við staðgreiðslu eða lítils háttar innborgun getið þér hafið þetta spennandi tólmstundagaman. Ef yður líst ekki á pakkann, endurgreiðum við peninga yðar samkvæmt ábyrgðarskilmálum Readicut.

Sendið eftir Readicut teppabókinni nú þegar. Þér eruð ekki skuldbundin að kaupa neitt.

Gerid þetta teppi ÓKEYPIS!



Reynið Readicut aðferðina með sýnipakkanum sem fylgir ókeypiss öllum Readicut pökkum. Í sýnipakkanum er efni í teppi, 35x50 cm, sem þér megið eiga, þó að þér ákveðið að skila Readicut pakkanum aftur.

Readicut NY ULL

ATHUGIÐ — Readicut teppi fást ekki í vezlunum, — aðeins beint frá okkur.

Fyllið strax út miðam og sendið í dag til:

Readicut Denmark, Holbergsgade 26,

1057 København K, Danmark. H-4

Nafn.....

Heimilisfang.....



„Frá höfninni“ eftir Þorvald Skúlason, sem mun öðrum sjálf sagðari þátttakandi í þessari sýningu, bæði sem einn fremsti listamaður þjóðarinnar — og Húnavetningur.